

Framkvæmdir í fullum gangi við uppbyggingu fangelsa

Framkvæmdir vegna stækkunar Fangelsisins Kvíabryggju eru nú í fullum gangi og undirbúningur vegna byggingar nýs fangelsis á Akureyri er hafinn. Þá er hafin hönnunarvinna vegna breytinga og stækkunar Fangelsisins Litla-Hrauni og unnið er að þarfagreiningu vegna nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við danska sérfræðinga.

Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins, segir að unnið sé að öllum þessum uppbyggingarþáttum af miklum krafti. „Þessi uppbygging fangelsa á Íslandi er í samræmi við stefnumótun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Fangelsismálastofnunar. Í áætlun um heildaruppbyggingu fangelsanna, sem lögð var fram í september 2005, er gert ráð fyrir að ráðist verði í endurbætur og stækkun á fangelsunum Kvíabryggju, Akureyri og Litla-Hrauni en Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og Fangelsið Kópavogsbraut 17 verði lögð niður. Þá verði nýtt fangelsi reist á höfuðborgarsvæðinu.“ Verkefnisstjóri fangelsisuppbyggingarinnar er Stefán P. Eggertsson verkfræðingur, í samvinnu við embættismenn frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og Fangelsismálastofnun.

Fangelsið Kvíabryggju

Áformað er að ljúka framkvæmdum við Fangelsið Kvíabryggju í september nk. og fjölga þá plássum þar úr 14 í 22. Að sögn Valtýs var af hálfu Fangelsismálastofnunar lögð mikil áhersla á að



Fangelsið Litla-Hrauni.

fjölga fangaplássum við opnar aðstaður svo sem er á Kvíabryggju. Þá mun vinnuaðstaða fangavarda verða betri auk þess sem aðstaða verður bætt til að stunda framhaldsnám á staðnum.

Fangelsið Akureyri

Fangelsið Akureyri verður algerlega endurbyggt og eru framkvæmdir að hefjast. Fangarými verða tíu en þau eru nú átta. Í fangelsinu verður



Framkvæmdir við Fangelsið Akureyri.

kennsluaðstaða, aðstaða fyrir léttu vinnu og líkamsræktarsalur. Þá verður komið upp heimsóknaraðstöðu sem ekki var þar til staðar og útsvæði stækkað.

Valtýr undirstrikar að með þessari framkvæmd verði verulegar úrbætur í fangelsismálum á Norðurlandi. „Þær eru liður í endurbótum á fangelsum og fjölgun fangapláss á Íslandi. Auk endurbóta og nýrrar viðbyggingar við núverandi fangelsi verða gerðar endurbætur á aðstöðu lögreglunnar í millibyggingu.“ Framkvæmdum á að ljúka vorið 2008.

Fangelsið Litla-Hrauni

Valtýr segir að unnið sé að heildaruppbyggingu Fangelsisins Litla-Hrauni, hönnunarvinna sé í fullum gangi og henni ljúki á þessu ári. „Gert er ráð fyrir að fangelsið verði mikið endurbætt og stækkað nokkuð. Byggt verður nýtt móttöku- og heimsóknahús við núverandi inngönguhlið og þar í gegn verður allri umferð beint, gestum, starfsmönnum og fongum. Aðstaða starfsmanna, búningsaðstaða, líkamsrækt og setustofa, verður í hinu nýja móttöku- og heimsóknahúsi.“

Vaktrými verða sameinuð í tengibyggingu milli húsa 3 og 4 þar sem nú eru vistarverur fanga. Í tengibyggingunni verður einnig yfirstjórn fangelsisins til húsa og aðstaða fangavarda til skýrslugerðar. Vinnuaðstaða fanga verður aukin og bætt með stækkun á núverandi vinnuskálum.

Í frumathugun var gert ráð fyrir að komið yrði upp kvennadeild með sex fangarýmum og sérstakri deild með allt að 12 fangarýmum fyrir fanga sem þurfa lágmarksgæslu. Gæsluvarðhaldsfangelsi með einangrun verður ekki í almennum rekstri á Litla-Hrauni eftir að nýtt fangelsi hefur risið á höfuðborgarsvæðinu en gert er ráð fyrir að fangar í lausagæslu vistist í fangelsinu. Eftir breytingarnar verða 83 fangarými í Fangelsinu Litla-Hrauni, sex fleiri en nú, þegar gæsluvarðhaldshlutinn er undanskilinn.

Nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði í október sl. undir stjórn Margrétar Frímansdóttur alþingismanns hefur það hlutverk að leggja fram tillögur að markvissri stefnu varðandi framtíðarrekstur Fangelsisins Litla-Hrauni. Nefndin hefur unnið með starfsmönnum fangelsisins og sérfræðingum sem að því koma. Hún skilaði áfangaskýrslu 10 apríl sl. og stefnt er að því að lokaskýrsla hennar liggi fyrir haustið 2007.

Framhald á síðu 2.

Framhald af forsiðu.

Nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu

Í áætlun um heildarupbyggingu fangelsanna er gert ráð fyrir að byggt verði nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu. Valtýr segir að fram hafi komið hugmyndir um að byggja nýtt fangelsi í tengslum við nýja lögreglustöð á höfuðborgarsvæðinu. „Nú er verið að kanna hvort unnt sé að fá hentuga lóð miðsvæðis sem rúmað gæti þá starfsemi og fara yfir kosti og galla við slíkt fyrirkomulag. Að mati Fangelsismálastofnunar verður lögð höfuðáhersla á að vanda til vinnu við þarfagreiningu hins nýja

fangelsis. Þar eiga að koma fram allar forsendur fyrir starfsemi fangelsisins og þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að ná árangri. Sé unnt að ná þessu fram með byggingu í tengslum við nýjar höfuðstöðvar lögreglu þá væri slíkt æskilegt að mati stofnunarinnar.“

Að sögn Valtýs er ráðgert að í nýja fangelsinu á höfuðborgarsvæðinu verði móttökudeild fyrir nær alla fanga og gæsluvarðhaldsdeild, einkum fyrir fanga í einangrun. Þá verður þar deild fyrir fanga í vímuefnaðferð og sjúkradeild fyrir fanga með geðræn vandamál. Loks er gert ráð fyrir almennri

deild þar sem vistaðir verða fangar sem afplána skemmri refsingar eða vararefsingar.

Í vinnuhópi um þarfagreiningu fyrir hið nýja fangelsi starfa tveir starfsmenn Fangelsismálastofnunar ásamt einum frá fangavárðafélaginu og forstöðumanni fangelsa á höfuðborgarsvæðinu undir stjórn Stefáns P. Eggertssonar verkefnisstjóra. Einnig veita sérfræðingar frá dönsku fangelsismálastofnuninni, Direktoratet for Kriminalforsorgen, liðsinni sitt við þarfagreininguna og er sú samvinna hafin. Gert er ráð fyrir að þarfagreiningunni ljúki í ágúst 2007.

Ættleiðingarmál í brennidepli á námstefnu á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins

Börnum sem uppfylla skilyrði fyrir ættleiðingu milli landa virðist stöðugt fara fækkanði og hefur það m.a. leitt til þess að þau ríki sem heimila ættleiðingu barna til annarra landa gera í vaxandi mæli sjálf auknar kröfur til hæfis væntanlegra kjörforeldra, t.d. hvað varðar aldur þeirra og hjúskaparstöðu. Þetta er meðal þess sem kom fram á námstefnu er dóms- og kirkjumálaráðuneytið hélt í lok mars og var einkum ætluð þeim sem starfa að ættleiðingarmálum, m.a. á vegum barnaverndarnefnda en þær gefa umsagnir í þessum málaflokki. Á fjórða tug gesta sótti námstefnuna sem haldin var á Radisson SAS Hótel Sögu.

Sérstakur gestafyrirlesari var Lene Kamm, danskur sálfræðingur og sérfræðingur í málefnum ættleiðinga. Lene hefur nokkrum sinnum áður komið hingað til lands og haldið fyrirlestra, m.a. á vegum félagsins Íslenskrar ættleiðingar, en hún hefur verið ráðgefandi í fræðslustarfi þess. Auk þess skipulagði hún námskeið fyrir væntanlega kjörforeldra erlendra barna hér á landi. Lene fjallaði m.a. um bakgrunn barna sem ættleidd eru milli landa og að hvaða leyti umönnun þeirra kann að vera frábrugðin umönnun annarra barna.

Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri einkamála- og borgaraskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, stýrði námstefnunni og fjallaði um meginreglur barnaréttar og laga um ættleiðingar, sjónarmið varðandi stjúpættleiðingar og umsagnir barnaverndarnefnda í ættleiðingarmálum. Jóhanna Gunnarsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fór yfir alþjóðlega samvinnu um ættleiðingar milli landa og Karl Steinar Valsson, varaformaður Íslenskrar ættleiðingar, sagði frá starfsemi félagsins og hvernig það hefur unnið að ættleiðingarmálum.

Á námstefnunni var varpað ljósi á fjölda þátta í þessum málaflokki og þróunina í honum. Fram



Frá námstefnu um ættleiðingarmál.

kom m.a. að í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem nánast öll aðildarríki samtakanna eru aðilar að, er viðurkennt að

aðeins megi taka ættleiðingu milli landa til athugunar sem aðra leið til að sjá barni fyrir umönnun, ef ekki er unnt að koma því í fóstur eða til ættleiðingar eða veita því með einhverjum viðeigandi hætti umönnun í upprunalandi sínu. Þetta sjónarmið er jafnframt grunnregla samnings sem gerður var í Haag 1993 og Ísland og 70 önnur ríki eru aðilar að. Hann fjallar um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa og hefur m.a. að geyma ákvæði um skilyrði sem verða að vera uppfyllt til þess að unnt sé að heimila ættleiðingu milli landa.

Sýslumaðurinn í Búðardal tók við frumafgreiðslu ættleiðingarmála af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um síðustu áramót en ákvarðanir sýslumanns má í vissum tilvikum kæra til ráðuneytisins. Fram kom að enda þótt stutt reynsla væri komin af þeirri skipan að færa þennan málaflokk með þessum hætti væri hún jákvæð og ráðuneytið telji sýnt að það hafi verið framfaraspor.

89 sóttu um nám við Lögregluskóla ríkisins

Alls sóttu 89 manns um að fá að stunda nám við grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins fyrir næsta námstímabil sem hefst í september. Nú er unnið að því að yfirfara umsóknirnar en inntökuþróf verða haldin frá 21.-29. maí nk. Þeir sem standast prófin verða boðaðir í viðtöl á bilinu 11.-15. júní og mun valnefnd að því búnu tilkynna hverjir hafi hlotið skólavist, en það geta verið allt að 48 manns.

Þetta er í fyrsta sinn í sögu skólans sem teknir eru inn tveir hópar sama ár í grunnnámsdeild skólans en í janúar síðastliðnum hófu 48 nemendur þar nám. Námið tekur alls sextán mánuði; fyrsta önnin stendur í fjóra mánuði og þeir nemendur sem standast próf fara í átta mánaða starfsþjálfun hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu eða embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Að starfsþjálfun lokinni hefst svo þriðja önnin við Lögregluskólann sem lýkur með prófum og útskrift. Á næsta ári mun skólinn því væntanlega útskrifa tæplega hundrað nýja lögreglumenn.



Frá æfingum í Lögregluskólanum.

Í mars síðastliðnum var tekið í notkun nýtt viðbótarhúsnæði skólans sem stækkaði þá um tæplega 400 fm. Við bættist nýtt þjálfunar- og æfingarárými auk kennslurýma sem nýttast við margþætt verkefni nemenda. Þá var búningsaðstaða kvenna við skólann stækkuð enda bar brýna nauðsyn til þess þar sem konum hefur fjölgað til muna í skólanum á síðustu árum.